

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2015/2/ESB

2021/EES/55/04

frá 30. september 2014

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um framsetningu upplýsinganna sem lánshæfismatsfyrirtæki gera aðgengileg Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 4. mgr. 21. gr. og þriðju undirgrein 4. mgr. a 21. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 1. mgr. 11. gr. a reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 er þess krafist að skráð og vottuð lánshæfismatsfyrirtæki leggi fram matsupplýsingar til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA) þegar þau gefa út lánshæfismat eða matshorfur. Krafa þessi gildir ekki um mót sem eru gerð eingöngu fyrir fjárfesta og birt þeim gegn gjaldi. Þess er krafist að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin birti matsupplýsingarnar sem lánshæfismatsfyrirtækin leggja fram á opinberu vefsetri sem nefnist evrópski matsvettvangurinn (ERP). Því ætti að mæla fyrir um reglur sem varða efni og framsetningu upplýsinganna sem lánshæfismatsfyrirtækin ættu að gera tiltæk Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni fyrir evrópska matsvettvanginn.
- 2) Einnig er þess krafist í 2. mgr. 11. gr. og e-lið 4. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 að lánshæfismatsfyrirtæki leggi fram upplýsingar til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar um fyrri gögn um afkastagetu og að því er varðar viðvarandi eftirlit. Mælt er fyrir um efni og framsetningu þeirra upplýsinga í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 448/2012 ⁽²⁾ og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 446/2012 ⁽³⁾, í þeirri röð. Mæla ætti fyrir um samþættar skýrslugjafarkröfur fyrir öll gögn varðandi skráningu á og vottun lánshæfismatsfyrirtækja sem senda á Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni til að greiða fyrir skilvirkari gagnavinnslu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og einföldun á skýrslugjöf gagna fyrir skráð og vottuð lánshæfismatsfyrirtæki. Því er í þessari reglugerð mælt fyrir um reglur varðandi gögn sem senda á að því er varðar evrópska matsvettvanginn, upplýsingarnar sem verða gerðar tiltækar um fyrri gögn um afkastagetu í miðlæga gagnasafninu sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin kemur á fót og upplýsingarnar sem lánshæfismatsfyrirtækin ættu að senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni reglulega varðandi viðvarandi eftirlit með lánshæfismatsfyrirtækjum. Því fellir þessi reglugerð úr gildi framselda reglugerð (ESB) nr. 448/2012 og framselda reglugerð (ESB) nr. 446/2012. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti að samþætta öll gögn, sem lánshæfismatsfyrirtæki senda evrópska matsvettvanginum, miðlæga gagnasafninu og viðvarandi eftirliti með lánshæfismatsfyrirtækjum, í einn gagnagrunn Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.
- 3) Nauðsynlegt er, til að tryggja að evrópski matsvettvangurinn veiti uppfærðar upplýsingar um matsaðgerðir sem eru ekki einungis birtar fjárfestum gegn greiðslu, að lýsa gögnunum sem tilkynnt verður um, þ.m.t. matinu og horfunum á metnum gerningi eða einingu, fréttatilkynningum sem fylgja matsaðgerðum, tilkynningum sem fylgja matsaðgerðum hins opinbera, tegund matsaðgerðar og degi og tíma birtingar. Fréttatilkynningar veita einkum upplýsingar um undirliggjandi lykilþætti matsákvörðunarinnar. Evrópski matsvettvangurinn lætur matsnotendum í té miðlægan aðgangsstað að uppfærðum matsupplýsingum og lækkar upplýsingakostnað með því að veita hnattrænt yfirlit yfir mismunandi matsgerðir sem gefnar hafa verið út um hverja metna einingu eða gerning.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 2, 6.1.2015, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 189/2018 frá 10. júlí 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 448/2012 frá 21. mars 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um framsetningu upplýsinganna sem lánshæfismatsfyrirtæki skulu gera aðgengilegar í miðlægu gagnasafni sem komið er á fót af Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni (Stjtið. ESB L 140, 30.5.2012, bls. 17).

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 446/2012 frá 21. mars 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um tæknilega eftirlitsstaðla um inntak og snið reglubundinna skýrslna með matsgögnum sem lánshæfismatsfyrirtækjum ber að leggja fram til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (Stjtið. ESB L 140, 30.5.2012, bls. 2).

- 4) Til að tryggja hnattrænt yfirlit yfir öll mót sem lánshæfismatsfyrirtæki veita sömu metnu einingu eða gerningi ættu lánshæfismatsfyrirtæki að nota sameiginleg auðkenni fyrir metnar einingar og metna gerninga þegar þau senda matsgögn til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Því ætti hnattrænt viðurkennt auðkenni lögaðila (e. *Global Legal Entity Identifier* (LEI)) að vera eina hnattræna einkvæma auðkennisaðferðin við að auðkenna metnar einingar, útgefendur, upphafsaðila og lánshæfismatsfyrirtæki.
- 5) Matsupplýsingum ætti að safna og birta daglega í því skyni að tryggja að upplýsingarnar um evrópska matsvettvanginn séu uppfærðar til að greiða fyrir einni daglegri uppfærslu á evrópska matsvettvanginum utan vinnutíma í Sambandinu.
- 6) Matsupplýsingarnar sem skráð og vottuð lánshæfismatsfyrirtæki tilkynna ættu að auðvelda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni að fylgjast náið með framferði og starfsemi lánshæfismatsfyrirtækja í því skyni að gera Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni kleift að bregðast skjótt við ef um er að ræða að raunverulega eða hugsanlega sé ekki farið að tilskildum ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1060/2009. Því ætti að senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni matsgögnin mánaðarlega. Lánshæfismatsfyrirtæki sem hafa færri en 50 starfsmenn og eru ekki hluti af samstæðu ættu þó að geta lagt fram matsgögn á tveggja mánaða fresti til að tryggja meðalhóf. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni ætti áfram að geta krafist þess að viðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki gefi mánaðarlega skýrslu í ljósi fjölda og tegundar mats þeirra, þ.m.t. hversu flókið lánsmatið er, mikilvægi metnu gerninganna eða útgefendanna og hæfi matsins sem fyrirhugað er að nota í eftirlitsskyni.
- 7) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti að nota, fyrir viðvarandi eftirlit sitt, gögnin sem þegar hafa verið send fyrir evrópska matsvettvanginn til að forðast tvöföld gagnaskil. Einnig ætti að krefjast þess af lánshæfismatsfyrirtækjum, vegna viðvarandi eftirlits, að þau sendi upplýsingar um þau lánshæfismót og þær matshorfur sem ekki er greint frá varðandi evrópska matsvettvanginn.
- 8) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti að nota gögnin sem send eru vegna evrópska matsvettvangsins, og vegna viðvarandi eftirlits síns, til að safna upplýsingum um fyrri gögn um afkastagetu sem hún ætti að gera tiltæk í miðlæga gagnasafninu í samræmi við 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009. Krefja ætti nýlega vottuð lánshæfismatsfyrirtæki um að leggja fram gögn að því er varðar a.m.k. 10 ár fyrir vottun þeirra, eða tímabilið frá því að þau hófu starfsemi, í því skyni að greiða frekar fyrir samanburðarhæfi og til að tryggja samræmi við gögnin sem hafa verið send í samræmi við framselda reglugerð (ESB) nr. 448/2012. Þess ætti ekki að vera krafist að vottuð lánshæfismatsfyrirtæki sendi þessi gögn, að öllu leyti eða að hluta, þegar þau geta sýnt fram á að það væri ekki í samræmi við umfang þeirra og hversu flókin þau eru.
- 9) Lánshæfismatsfyrirtæki sem eru hluti af samstæðu ættu annaðhvort að geta gefið skýrslu með matsgögnum hvert fyrir sig til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar eða veitt öðru fyrirtæki innan samstæðunnar umboð til að leggja fram gögnin fyrir þeirra hönd. Vegna þess hversu samþætt starfsemi lánshæfismatsfyrirtækja er á vettvangi Sambandsins og til að auðvelda skilning á tölfraðilegum upplýsingum eru lánshæfismatsfyrirtæki þó hvött til að skila heildarskýrslu fyrir alla samstæðuna.
- 10) Lánshæfismatsfyrirtækjum er einnig heimilt, að því er varðar viðvarandi eftirlit Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og birtingu fyrri skýrslna um afkastagetu, að senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, að eigin vali, lánshæfismót sem lánshæfismatsfyrirtæki þriðja lands, sem tilheyrir sömu samstæðu lánshæfismatsfyrirtækja, gefa út en njóta ekki stuðnings í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009.
- 11) Lánshæfismatsfyrirtæki ættu, þegar þau leggja fram gögn, að flokka útgefin lánshæfismót og matshorfur í mismunandi flokka: eftir matstegund og undirflokkum á borð við geira, atvinnugrein eða eignaflokk, eða eftir tegund útgefanda og útgáfu. Flokkar þessir eru byggðir á reynslu af fyrri matsgagnasafni Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og þörfinni á eftirliti með lánshæfismatsgögnum.
- 12) Flokkur ætti að teljast með í skýrslugjöf um „aðra fjármálagerninga“ í því skyni að kveða á um skýrslugjöf um lánshæfismót um nýja fjármálagerninga sem gætu komið fram í kjölfarið á nýsköpun á fjármálasviði. Enn fremur ættu mót á fyrirtækjum og samsettir fjármögnunarmatsflokkar einnig að hafa „annan“ flokk sem næði yfir allar nýjar tegundir af útgáfum á vegum fyrirtækja eða samsetta fjármögnunarflokka sem ekki er hægt að flokka í fyrirliiggjandi flokka.

- 13) Lánshæfismatsfyrirtæki ættu að leggja fyrstu skýrsluna fram eigi síðar en 1. janúar 2016 til að auðvelda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni að koma evrópska matsvettvanginum á fót og til að greiða fyrir því að lánshæfismatsfyrirtæki hafi nægan tíma til að laga innri kerfi sín að nýju skýrslugjafarkröfunum. Fyrsta skýrslan ætti að innihalda gögn um öll mót sem gefin eru út og ekki afturkölluð til og með 21. júní 2015, til að tryggja samanburðarhæfi og samfelldni gagna sem send eru samkvæmt þessari reglugerð. Einnig ætti fyrsta skýrslan að innihalda gögn varðandi lánshæfismót og matshorfur sem lánshæfismatsfyrirtækin gefa út frá 21. júní 2015 til 1. janúar 2016. Fyrsta skýrslan ætti að innihalda sömu tegund gagna og matsgögnin sem lögð verða daglega fram þaðan í frá.
- 14) Taka ætti saman gögnin, sem lögð verða fram, á stöðluðu formi til að auðvelda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni að taka við og vinna með gögnin á sjálfvirkan hátt í innri kerfum sínum. Vegna tækniframfara getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin þurft að uppfæra og upplýsa, með sérstökum tilmælum eða viðmiðunarreglum, um ýmis tæknileg skýrslugjafarfyrirmæli um sendingu eða form skrána sem lánshæfismatsfyrirtækjum ber að senda.
- 15) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽¹⁾.
- 16) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitni hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.
- 17) Reglugerð þessi ætti að gilda frá 21. júní 2015 til að fara að 3. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 462/2013 ⁽²⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gögn sem skulu koma fram í skýrslunni

1. Lánshæfismatsfyrirtæki skulu greina frá gögnum um öll útgefin og vottuð lánshæfismöt eða matshorfur í samræmi við 8., 9. og 11. gr. Lánshæfismatsfyrirtæki skulu greina frá öllum lánshæfismötum og matshorfum sem gefin eru út á stigi metinna eininga um alla útgefna fjármagnsgerninga þeirra, þegar við á.
2. Lánshæfismatsfyrirtækin skulu tryggja nákvæmni, heilleika og tiltækileika gagnanna sem þau senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og tryggja að skýrslur séu lagðar fram í samræmi við 8., 9. og 11. gr. með því að nota viðeigandi kerfi sem þróuð eru á grunni tæknilegra fyrirmæla sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin veitir.
3. Lánshæfismatsfyrirtæki skulu tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni tafarlaust um hvers konar sérstakar aðstæður sem geta tímabundið komið í veg fyrir eða tafið skýrslugjöf þeirra í samræmi við þessa reglugerð.
4. Fyrir samstæður lánshæfismatsfyrirtækja er aðilum hvernar samstæðu heimilt að veita einum aðila umboð til að leggja fram, fyrir þeirra hönd, skýrslur sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð. Ef slík skýrsla er lögð fram fyrir hönd lánshæfismatsfyrirtækis skal það tilgreint í gögnunum, sem lögð eru fram til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.
5. Skýrslugjöf lánshæfismatsfyrirtækis fyrir hönd samstæðu getur innihaldið gögn um lánshæfismöt og matshorfur sem lánshæfismatsfyrirtæki í þriðja landi gefa út, sem tilheyra sömu samstæðu og njóta ekki stuðnings, að því er varðar 2. mgr. 11. gr. og e-lið 4. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009. Lánshæfismatsfyrirtæki skal, þegar það greinir ekki frá slíkum gögnum, útskýra það í skýrslunni um eiginlegu gögnin í gagnareitum 9 og 10 í töflu 1 í 1. hluta I. viðauka við þessa reglugerð.
6. Lánshæfismatsfyrirtæki skulu veita upplýsingar um stöðu skýrslu um lánshæfismat eða matshorfur með því að tilgreina hvort hún sé óumbeðin með þátttöku eða óumbeðin án þátttöku í samræmi við 5. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 eða umbeðin.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 462/2013 frá 21. maí 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtíð. ESB L 146, 31.5.2013, bls. 1).

2. gr.

Skýrslugjöf um vanskilastöðu og afturkallanir

1. Lánshæfismatsfyrirtæki skal greina frá vanskilum að því er varðar mat í gagnareitum 6 og 13 í töflu 2 í 2. hluta I. viðauka þar sem eitt af eftirfarandi atvikum hefur átt sér stað:
 - a) matið gefur til kynna að vanskil hafi orðið samkvæmt skilgreiningu lánshæfismatsfyrirtækisins á vanskilum,
 - b) matið hefur verið afturkallað vegna ógjaldfærni metnu einingarinnar eða vegna endurskipulagningar skulda,
 - c) öll önnur tilvik þar sem lánshæfismatsfyrirtækið telur að metin eining eða metinn gerningur sé í vanskilum, hafi rýrnað verulega eða sambærilegt.
2. Þegar mat sem þegar hefur verið greint frá er afturkallað skal greina frá því í gagnareit 11 í töflu 2 í 2. hluta I. viðauka.

3. gr.

Matstegundir

Lánshæfismatsfyrirtæki skulu, þegar þau greina frá lánshæfismötum og matshorfum, flokka þau samkvæmt eftirfarandi matstegundum:

- a) mati á fyrirtækjum,
- b) mati á samsettri fjármögnun,
- c) lánshæfismati ríkis og hins opinbera,
- d) öðrum fjármálagerningum.

4. gr.

Mat á fyrirtækjum

1. Lánshæfismatsfyrirtæki skulu, þegar þau greina frá mati á fyrirtækjum, flokka þau sem eina af eftirfarandi atvinnugrein:
 - a) fjármálastofnanir, þ.m.t. bankar, miðlarar og söluaðilar,
 - b) váttryggingar,
 - c) öll önnur viðskiptafyrirtæki eða útgefendur sem ekki falla undir a- og b-lið.
2. Lánshæfismatsfyrirtæki skulu flokka útgáfur á vegum fyrirtækja sem eina af eftirfarandi tegundum útgáfa:
 - a) skuldabréf,
 - b) sértryggð skuldabréf, eins og um getur í 4. mgr. 52. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB ⁽¹⁾, sem uppfylla hæfiskröfurnar sem settar eru fram í 1.–3., 6. og 7. mgr. 129. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ⁽²⁾,
 - c) aðrar tegundir sértryggðra skuldabréfa, sem lánshæfismatsfyrirtækið hefur notað tilgreinda aðferðafræði sértryggðra skuldabréfa fyrir, líkön eða lykilorðsendur fyrir útgáfu á lánshæfismati og sem falla ekki undir b-lið.
 - d) aðrar tegundir útgáfu á vegum fyrirtækja sem falla ekki undir a-, b- og c-lið.
3. Landskóði metinnar einingar eða útgáfna þeirra í gagnareit 10 í töflu 1 í 2. hluta I. viðauka skal vera kóði landsins þar sem einingin hefur lögheimili.

5. gr.

Möt á samsettri fjármögnun

1. Möt á samsettri fjármögnun skulu varða fjármálagerning eða aðrar eignir sem verða til við verðbréfunarviðskipti eða kerfisfyrirkomulag sem um getur í 61. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnislyfyrirmælum um verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

2. Lánshæfismatsfyrirtæki skulu, þegar þau greina frá mötum á samsettri fjármögnun, flokka þau innan eins af eftirfarandi eignaflokkum:
- a) eignavarin verðbréf, þ.m.t. bíla-, báta-, flugvéla-, náms-, neytendalán, lán fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, lán vegna heilbrigðisþjónustu, lán vegna fullgerðra húsa, kvikmyndalán, nytjahlutalán, lán vegna orku, lán vegna búnaðar, kreditkortakröfur, haldsréttur vegna skatts, útlán í vanskilum, lán vegna afþreyingarökutækja, lán til einstaklinga og fyrirtækja og viðskiptakröfur,
 - b) verðbréf, tryggt með fasteignaveði í íbúðarhúsnæði, þ.m.t. bæði fyrsta flokks og undirmálsverðbréf, tryggt með fasteignaveði í íbúðarhúsnæði, og fasteignalán,
 - c) verðbréf, tryggt með fasteignaveði í atvinnuhúsnæði, þ.m.t. lán vegna smásölu- eða skrifstofuhúsnæðis, vegna sjúkrahúsa, umönnunaríbúða, geymsluaðstöðu, hótela, hjúkrunaraðstöðu, iðnaðar og fjölbylishúsa,
 - d) skuldavafningar, þ.m.t. lánavafningar, lánavarðar skuldbindingar, tilbúnir vafningar, skuldavafningar sem eru í einu lagi eignasafns vegna verðbréfunar, lánasjóðsskuldbindingar, skuldavafningar eignavarinna verðbréfa og vafningar skuldavafninga,
 - e) eignavarin viðskiptabréf,
 - f) aðrir samsettir fjármálagerningar sem ekki er að finna í a–e lið, þ.m.t. samsett sértryggt skuldabréf, vafningar, váttryggingatengd verðbréf og fyrirtæki á sviði afleiða.
3. Lánshæfismatsfyrirtæki skal, eftir atvikum, einnig upplýsa hvaða sértæki undireignaflokkur hvers metins gernings tilheyrir gagnareit 34 í töflu 1 í 2. hluta I. viðauka.
4. Greina skal frá landskóða samsettra fjármálagerninga í gagnareit 10 í töflu 1 í 2. hluta I. viðauka og skal hann vera kóði landsins þar sem meirihluti undirliggjandi eigna hefur lögheimili. Metni gerningurinn skal flokkaður sem „alþjóðlegur“ þegar ekki er unnt að greina heimaland meirihluta undirliggjandi eigna.

6. gr.

Lánshæfismat ríkis og hins opinbera

1. Lánshæfismatsfyrirtæki skulu, þegar þau gefa skýrslu um gögn varðandi mót á einingum ríkis og hins opinbera og fjölþjóðlegra stofnana og útgefina skulda þeirra, flokka þau sem einn af eftirfarandi geirum:
- a) ríki, þegar metin eining er ríkisvald eða ríki eða þegar félag með sérstakan tilgang í ríkiseigu er útgefandi metinnar skuldar eða fjárskuldbindingar, skuldabréfs eða annars fjármálagernings eins og um getur í i. og ii. lið v-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 og þegar matið á við um ríkið,
 - b) svæðisyfirvald eða staðbundið yfirvald, þegar metin eining er svæðisyfirvald eða staðbundið yfirvald eða þegar staðbundið yfirvald eða svæðisyfirvald er útgefandi metinnar skuldar eða fjárskuldbindingar, skuldabréfs eða annars fjármálagernings, eða félag með sérstakan tilgang svæðisyfirvalds eða staðbundins yfirvalds eins og um getur í i. og ii. lið v-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 og þegar mat á við um svæðisyfirvald eða staðbundið yfirvald,
 - c) alþjóðleg fjármálastofnun, eins og um getur í iii. lið v-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009,
 - d) fjölþjóðleg samtök, svo sem þær stofnanir sem falla ekki undir c-lið og hluthafar einnar eða fleiri ríkisstjórnar hafa komið á fót, eiga og stjórna, þ.m.t. samtök sem um getur í U. bálki I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 ⁽¹⁾.
 - e) opinberir aðilar, þ.m.t. þeir sem um getur í O., P. og Q. bálki í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1893/2006.
2. Metni útgefandinn skal vera auðkenndur sem „alþjóðlegur“ í gagnareit 10 í töflu 1 í 2. hluta I. viðauka þegar ekki er hægt að auðkenna neitt land sem útgáfuland þegar um er að ræða alþjóðlegar fjármálastofnanir eða fjölþjóðlegar stofnanir eins og tilgreint er í c- og d-lið 1. mgr.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 og einnig tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið (Stjtið. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).

7. gr.

Aðrir fjármálagerningar

Greina skal frá lánshæfismötum og matsgerðum sem gefnar eru út um fjármálagerning eins og skilgreint er í k-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 og ekki er heimilt að flokka sem útgáfu á vegum fyrirtækja skv. 2. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar, eða sem samsetta fjármálagerninga skv. 5. gr. þessarar reglugerðar eða útgáfu af hálfu ríkis eða hins opinbera skv. 6. gr. þessarar reglugerðar.

8. gr.

Skýrslugjöf að því er varðar útgáfu á evrópskum matsvettvangi

1. Lánshæfismatsfyrirtæki skulu ætíð greina frá gögnum um öll lánshæfismöt eða matshorfur skv. 1. mgr. 11. gr. a reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 þegar þau gefa út eða styðja lánshæfismat eða matshorfur sem eru ekki einungis birtar fjárfestum gegn greiðslu.
2. Greina skal frá lánshæfismötum og matshorfum sem um getur í 1. mgr. og eru útgefnar milli 20.00:00 á Mið-Evróputíma (CET) ⁽¹⁾ einn dag til 19.59:59 á Mið-Evróputíma þess næsta fram til 21.59:59 á Mið-Evróputíma næsta dag.
3. Fyrir hvert lánshæfismat eða matshorfur sem greint er frá í samræmi við 1. mgr. skal meðfylgjandi fréttatilkynning, sem um getur í 5. lið I. hluta D. bólkis I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1060/2009, gefin út á sama tíma. Einnig er heimilt að leggja fram enska útgáfu af fréttatilkynningu þar sem og þegar hún verður tiltæk þegar fréttatilkynning þessi er fyrst birt og lögð fram á öðru tungumáli en ensku.
4. Fyrir mót sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 6. gr. skal greina frá í meðfylgjandi rannsóknarskýrslu sem um getur í 1. lið III. hluta D. bólkis I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1060/2009. Einnig er heimilt að leggja fram enska útgáfu af fréttatilkynningu þar sem og þegar hún verður tiltæk þegar rannsóknarskýrsla þessi er fyrst birt og lögð fram á öðru tungumáli en ensku.

9. gr.

Skýrslugjöf að því er varðar eftirlit Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar

1. Lánshæfismatsfyrirtæki skulu, eins og um getur í e-lið 4. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009, greina frá gögnum um öll lánshæfismöt og allar matshorfur sem eru gefnar út og studdar, eða gefnar út í þriðja landi og ekki studdar, eins og um getur í 5. mgr. 1. gr., þ.m.t. upplýsingar um allar einingar eða skuldagerninga sem lagðir eru fram fyrir fyrstu athugun eða bráðabirgðamat, eins og um getur í 6. lið í I. hluta D. bólkis I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1060/2009.
2. Lánshæfismatsfyrirtæki skulu greina mánaðarlega frá matsgögnum sem varða undangenginn almanaksmánuð fyrir þau lánshæfismöt og þær matshorfur sem 8. gr. gildir ekki um.
3. Lánshæfismatsfyrirtæki sem er með færri en 50 starfsmenn og er ekki hluti af samstæðu lánshæfismatsfyrirtækja geta, á tveggja mánaða fresti, lagt fram matsgögnin sem um getur í 2. mgr., nema Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin krefjist mánaðarlegrar skýrslugjafar með tilliti til þess hvers eðlis útgáfa lánshæfismats þess er, hversu flókin hún er og með tilliti til umfangs hennar. Matsgögn þessi skulu vísa til almanaksmánaðanna tveggja á undan.
4. Leggja skal matsgögnin, sem um getur í 2. mgr. fram til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, innan 15 daga frá lokum tímabilsins sem skýrslan nær yfir. Fresturinn skal vera næsti vinnudagur þegar 15. dag mánaðarins ber upp á lögboðinn frídag í landinu þar sem lánshæfismatsfyrirtækið hefur lögheimili eða þegar lánshæfismatsfyrirtækið gefur skýrslu fyrir hönd samstæðu, í samræmi við 4. mgr. 1. gr., í landinu þar sem lánshæfismatsfyrirtækið hefur lögheimili.
5. Lánshæfismatsfyrirtækinu skal ekki vera skylt að leggja fram nein gögn þegar hvorki lánshæfismöt né matshorfur, sem um getur í 1. mgr., hafa verið gefnar út í undangengnum almanaksmánuði.

⁽¹⁾ Mið-Evróputími hefur hliðsjón af breytingum til sumartíma Mið-Evróputíma.

*10. gr.***Skýrslugjöf að því er varðar fyrri afkastagetu**

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal nota lánshæfismöt sem eru gefin út eða njóta stuðnings, eða eru gefin út í þriðja landi og njóta ekki stuðnings eins og um getur í 5. mgr. 1. gr., til að gera fyrri gögn um afkastagetu tiltæk í samræmi við 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 og 1. lið II. hluta í E. bálki I. viðauka við þá reglugerð.

*11. gr.***Fyrsta skýrslugjöf**

1. Lánshæfismatsfyrirtæki sem eru skráð eða vottuð fyrir 21. júní 2015 skulu undirbúa fyrstu skýrslugjöfina til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar eigi síðar en 1. janúar 2016 og skal skýrslan innihalda alla eftirfarandi þætti:
 - a) upplýsingar um öll lánshæfismöt og allar matshorfur sem um getur í 8. og 9. gr. og hafa verið gefnar út en ekki afturkallaðar eigi síðar en 21. júní 2015,
 - b) öll lánshæfismöt og allar matshorfur sem um getur í 8. og 9. gr. og hafa verið gefnar út milli 21. júní 2015 og 31. desember 2015.
2. Lánshæfismatsfyrirtæki sem eru skráð eða vottuð milli 21. júní 2015 og 31. desember 2015 skulu hlíta þessari reglugerð frá 1. janúar 2016. Þau skulu greina frá, í fyrstu skýrslu sinni og í samræmi við 8. og 9. gr., öllum lánshæfismötum og matshorfum sem gefnar voru út frá skráningar- eða vottunardegi.
3. Lánshæfismatsfyrirtæki sem eru skráð eða vottuð eftir 1. janúar 2016 skulu fara að þessari reglugerð innan þriggja mánaða frá skráningar- og vottunardagsetningu. Þau skulu greina frá, í fyrstu skýrslu sinni og í samræmi við 8. og 9. gr., öllum lánshæfismötum og matshorfum sem gefnar voru út frá skráningar- eða vottunardegi.
4. Lánshæfismatsfyrirtæki sem er skráð eftir 21. júní 2015 skal einnig greina frá, til viðbótar fyrstu skýrslunni sem um getur í 2. og 3. mgr. og skv. 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 og 1. lið í II. hluta E. bálki I. viðauka við þá reglugerð, fyrri gögnum um afkastagetu sem varða að minnsta kosti síðustu 10 ár fyrir vottunardagsetninguna eða, þegar það hóf lánshæfismatsstarfsemi sína, innan 10 ára frá vottunardagsetningunni, varðandi tímabilið frá upphafi lánshæfismatsstarfsemi þess. Þess skal ekki að krafist að lánshæfismatsfyrirtæki gefi skýrslu um þessi gögn, að öllu leyti eða að hluta, þegar þau geta sýnt fram á að það væri ekki hóflegt varðandi umfang þeirra og hve flókin þau eru.

*12. gr.***Gagnaskipan**

1. Lánshæfismatsfyrirtæki skulu leggja fyrir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina eigindlegar gagnaskýrslur á forminu sem tilgreint er í töflunum í 1. hluta I. viðauka ásamt fyrstu skýrslu þeirra um matsgögn í samræmi við 11. gr. Tilkynna skal tafarlaust um breytingar á þessum eigindlegu gagnaskýrslum sem uppfærslu til kerfis Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar áður en matsgögnin, sem breytingarnar hafa áhrif á, eru lögð fyrir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina. Heimilt er að leggja eitt safn af eigindlegum gagnaskýrslum fyrir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina þegar lánshæfismatsfyrirtæki gefur skýrslu fyrir hönd samstæðu, eins og um getur í 4. mgr. 1. gr.
2. Lánshæfismatsfyrirtæki skulu leggja fram skýrslur um matsgögn yfir mót sem um getur í 8., 9. og 11. gr. og á því formi sem tilgreint er í töflunum í 2. hluta í I. viðauka.

*13. gr.***Verklagsreglur við skýrslugjöf**

1. Lánshæfismatsfyrirtæki skulu leggja fram eigindlegar gagnaskýrslur og skýrslur um matsgögn sem um getur í 12. gr. í samræmi við tæknileg fyrirmæli sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin veitir og með því að nota skýrslugjafarkerfi Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.
2. Lánshæfismatsfyrirtæki skulu vista skrárnar, sem sendar eru Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni eða sem hún tekur við, á rafrænu sniði í a.m.k. fimm ár. Gera skal skrár þessar aðgengilegar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, óski hún eftir því.
3. Lánshæfismatsfyrirtæki skal, þegar það finnur staðreyndavillur í gögnum sem búið er að skila inn, leiðrétta viðkomandi gögn án ótilhlýðilegrar tafar í samræmi við tæknileg fyrirmæli Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

*14. gr.***Niðurfelling og bráðabirgðaákvæði**

1. Eftirfarandi reglugerðir eru felldar úr gildi frá og með 1. janúar 2016:
 - a) framseld reglugerð (ESB) nr. 446/2012,
 - b) framseld reglugerð (ESB) nr. 448/2012.
2. Líta ber á tilvísanir í reglugerðirnar sem nefndar eru í 1. mgr. sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.
3. Líta ber svo á að gögn, sem afhent eru Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í samræmi við reglugerðirnar sem nefndar eru í 1. mgr. fyrir 1. janúar 2016, séu afhent í samræmi við þessa reglugerð og skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin halda áfram að nota þau í samræmi við 2. mgr. 11. gr. og e-lið 4. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 og 1.lið II. hluta E. bóls I. viðauka við þá reglugerð.

*15. gr.***Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 21. júní 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. september 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

Forsetti.

I. VIÐAUKI

1. HLUTI

SKRÁ YFIR GAGNAREITI FYRIR EIGINDLEGA GAGNASKRÁ

Tafla 1

Auðkenning og lýsing á aðferðafræði lánshæfismatsfyrirtækja

Tafla þessi skal innihalda þætti sem auðkenna lánshæfismatsfyrirtækið sem gefur skýrslu, þ.m.t. löglega auðkenningu, aðferðafræði og stefnu sem notuð er.

Tafla þessi skal innihalda eina línu fyrir hvert lánshæfismatsfyrirtæki sem gefur skýrslu.

Nr.	Heiti gagnareits	Lýsing	Gerð	Staðall	Gildissvið
1	Auðkenni lánshæfismatsfyrirtækis	Kóði sem notaður er til að auðkenna lánshæfismatsfyrirtækið sem gefur skýrslu. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin veitir hann við skráningu eða vottun.	Lögboðið.		Tæknilegt
2	Hnattrænt viðurkennt auðkenni lögaðila (LEI) fyrir lánshæfismatsfyrirtæki sem gefur skýrslu	Hnattrænt viðurkennt auðkenni lögaðila fyrir lánshæfismatsfyrirtæki sem sendir skrána.	Lögboðið.	ISO 17442	Opinbert
3	Heiti lánshæfismatsfyrirtækis	Heiti sem notað er til að auðkenna lánshæfismatsfyrirtækið. Það skal vera í samræmi við heitið sem lánshæfismatsfyrirtækið notar í skráningarferlinu og allri annarri stjórnáslu-meðferð innan Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Þegar einn aðili samstæðu lánshæfismatsfyrirtækja skilar skýrslu fyrir hönd allrar samstæðunnar skal það heiti tilgreina samstæðu lánshæfismatsfyrirtækjanna.	Lögboðið.		Opinbert
4	Lýsing á lánshæfismatsfyrirtæki	Stutt lýsing á lánshæfismatsfyrirtækinu.	Lögboðið.		Opinbert
5	Aðferðafræði lánshæfismatsfyrirtækis	Lýsing á aðferðafræði lánshæfismatsfyrirtækisins við mat. Lánshæfismatsfyrirtækið getur lýst sérstökum eiginleikum aðferðafræði sinnar við mat.	Lögboðið.		Opinbert

Nr.	Heiti gagnareits	Lýsing	Gerð	Staðall	Gildissvið
6	Tengill á vefsíðu fyrir aðferðafræði lánshæfismatsfyrirtækisins	Tengillinn á vefsíðu lánshæfismatsfyrirtækisins þar sem finna má allar upplýsingar sem tengjast aðferðafræði og lýsingum á líkönum og lykilmatshorfum.	Lögboðið.	Gild tilvísun á vefsíðu.	Opinbert
7	Stefnur við umbeðið og óumbeðið mat	Lýsing á stefnu lánshæfismatsfyrirtækisins varðandi umbeðið og óumbeðið mat, með eða án þátttöku. Tilgreina skal, ef um fleiri en eina stefnu er að ræða, matstegundirnar sem eiga við hverja stefnu.	Lögboðið.		Opinbert
8	Stefna við mat á dótturfélagi	Lýsing á stefnu varðandi skýrslugjöf um mat á dótturfélögum.	Lögboðið. Á við um lánshæfismatsfyrirtæki sem gefa út mat á fyrirtækjum.		Opinbert
9	Landfræðilegt umfang skýrslugjafar	Ef um er að ræða lánshæfismatsfyrirtæki sem er hluti af samstæðu ættu þessir aðilar að nefna hvort þeir greini frá hvers konar mati sem samstæðan hefur gefið út (hnattrænt umfang) eða ekki (aðeins ESB-möt og studd möt). Lánshæfismatsfyrirtækið skal, þegar umfangið er ekki hnattrænt, útskýra hvers vegna svo er ekki. Greina skal frá undir „hnattrænt“ fyrir öll önnur lánshæfismatsfyrirtæki („Y“)	Lögboðið.	Y — já N — nei	Opinbert
10	Ástæður þess að umfangið er ekki hnattrænt	Ástæður þess að lánshæfismatsfyrirtæki, sem tilheyrir samstæðu, greinir ekki frá öllum mötum samstæðunnar.	Lögboðið. Á við þegar „Landfræðilegt skýrslugjafarumfang“ er = „N“		Opinbert
11	Skilgreining á vanskilum	Lýsir skilgreiningu sem lánshæfismatsfyrirtækið notar um vanskil.	Lögboðið.		Opinbert
12	Tengill á vefsetur	Tengill á heimasíðu á opinberu vefsetri lánshæfismatsfyrirtækis.	Lögboðið.	Gild tilvísun á vefsíðu.	Opinbert

Tafla 2

Skrá yfir tegundir mata eftir útgefendum

Ljúka skal við töflu þessa ef lánshæfismatsfyrirtækið gefur út lánshæfismat fyrir útgefendur. Tafla þessi skal hafa eina línu fyrir hverja tegund af mati sem lánshæfismatsfyrirtækið gefur út á vettvangi útgefanda.

Nr.	Heiti gagnareits	Lýsing	Gerð	Staðall	Umfang
1	Auðkenni tegundar mata eftir útgefendum	Einkvæmt auðkenni fyrir hverja matstegund útgefenda sem hægt er að meta metna einingu með.	Lögboðið. Gildir um lánshæfismatsfyrirtæki sem gefa út mat á útgefandanum.		Tæknilegt
2	Nafn á tegund mata eftir útgefendum	Heiti matsflokks útgefanda.	Lögboðið.		Tæknilegt
3	Lýsing á matstegundum eftir útgefendum	Lýsing á metnum skuldaflokki.	Lögboðið.		Tæknilegt
4	Staðall á matstegund eftir útgefendum	Þetta ætti að greina á milli tegunda mata á útgefendum: megin/hnattrænt lánshæfismat á útgefandanum, tegund skuldaflokka (mismunandi flokkum verður lýst í töflu 2 í 2. hluta I. viðauka) og allt annað skuldamat á útgefanda.	Lögboðið.	IR — Mat á aðal- útgefanda DT — Skuldamat OT — Annað	Tæknilegt

Tafla 3

Skrá yfir skuldaflokka

Ganga skal frá töflu þessari þegar lánshæfismatsfyrirtækið metur skuldaflokka eða skuldaútgáfur/gerninga (svo sem ótryggða forgangsskuld, ótryggða víkjandi skuld, ótryggða mjög víkjandi skuld). Tafla þessi skal hafa eina línu fyrir hverja skuldategund.

Nr.	Heiti gagnareits	Lýsing	Gerð	Staðall	Umfang
1	Metið skuldaflokkunarauðkenni	Einkvæmt auðkenni fyrir hvern skuldaflokk sem notaður er til að flokka skuldaflokka eða skuldaútgáfur útgefanda sem er fyrirtæki eða ríkisútgefandi.	Lögboðið. Á við ef matsstofnunin metur skuldaflokka fyrirtækja eða ríkisins		Tæknilegt

Nr.	Heiti gagnareits	Lýsing	Gerð	Staðall	Umfang
2	Heiti á metinni skuldaflokkun	Heiti á metna skuldaflokknum.	Skyldubundið.		Tæknilegt
3	Lýsing á metinni skuldaflokkun	Lýsing á metna skuldaflokknum.	Skyldubundið.		Tæknilegt
4	Forgangur	Auðkennir forgang skuldaflokks metna útgefandans eða metnu útgáfunnar.	Valkvætt.	SEU — í tilvikum þegar metin skuld útgefanda eða útgáfan fellur undir flokk ótryggðar forgangsskuldur SEO — í tilvikum þegar metinn útgefandi eða útgáfa fellur undir annan flokk forgangsskuldur en SEU SB — í tilvikum þegar skuld útgefanda eða útgáfan fellur undir flokk víkjandi skuldur.	Tæknilegt

Tafla 4

Skrá yfir tegundir útgáfa/áætlana

